

Umhverfisstofnun  
Áb. 0A G5J  
28 JAN. 2004  
54.23  
Tilv. UST20040100057

Borgarbyggð  
Sigurður Páll Harðarson  
Borgarbraut 11  
310 Borgarnes



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun er opin fyrir allan fólki og er hún

þessi stofnun er opin fyrir allan fólki og er hún

þessi stofnun er opin fyrir allan fólki og er hún

þessi stofnun er opin fyrir allan fólki og er hún

þessi stofnun er opin fyrir allan fólki og er hún

þessi stofnun er opin fyrir allan fólki og er hún

þessi stofnun er opin fyrir allan fólki og er hún

27. janúar 2004  
Tilvísun: UST20040100057/6á

### Deiliskipulagi frístundahúsa í landi Hofstaða, Borgarbyggð.

Vísað er til erindis bæjarverkfræðings Borgarbyggðar, dags. 7. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundahúsa í landi Hofstaða. Í erindinu er vísað til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 17. desember sl. Í bréfi Skipulagsstofnunar kemur fram að leita þurfi álits Umhverfisstofnunar á því hvort fyrirhuguð byggð sé innan flóasvæðis sem nýtur hverfisverndar í svæðisskipulagi Mýrarsýslu 1998-2010.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að umrædd frístundabyggð er innan svæðis á náttúruminjaskrá, *Ferjubakkaflói og Ystatunga*. Því ber að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdina í samræmi við 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.


Um svæðið segir í náttúruminjaskrá:

*Ferjubakkaflói og Ystatunga, Borgarbyggð (áður Stafholtstungnahr.), Borgarhreppi, Mýrarsýslu. (1) Ferjubakkaflói við Eskiholt, Hóp, neðanverð Gljúfurá og Norðurá með bökkum ásamt Ystatungu sunnan Sólheimatungu. Að sunnan ræður þjóðvegur, að vestan Tjarnarás, Hóp og Gljúfurá, að austan Norðurá og Hvítá. (2) Viðáttumiklir flóar og flæðilönd, gróðursæl siki og lygnar ár. Einn mikilvægasti viðkomustaður andfugla hérlendis.*

Fyrirhuguð frístundabyggð í landi Hofstaða er í jaðri ofangreinds svæðis og utan flóa- og mýrarsvæða. Að mati stofnunarinnar mun frístundabyggðin eins og hún er kynnt í tillögu að deiliskipulagi ekki raska verndagildi svæðisins né svæðum sem njóta hverfisverndar í svæðisskipulagi Mýrarsýslu 1998-2010.

Virðingarfyllst,

  
Olafur Arnason

  
Gunnar S. Jónsson

Afrit: Skipulagsstofnun